

# Miðlun menningarsögulegra upplýsinga

## Lokaskýrsla



Barbara Guðnadóttir og Oscar Aldred

Fornleifastofnun Íslands  
FS229-9925  
Reykjavík 2004





© Fornleifastofnun Íslands 2004  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Veffang: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit:

<b>Inngangsorð</b> .....	<b>4</b>
<b>Skýrsla verkefnisstjóra</b> .....	<b>6</b>
Þátttakendur og hlutverk þeirra í verkefninu .....	6
Ágrip .....	7
Ályktanir og umræða .....	8
Kynning á verkefninu .....	9
<b>Verk- og tímaáætlun</b> .....	<b>10</b>
Fyrsti áfangi .....	10
Annar áfangi.....	12
Þriðji áfangi.....	14
<b>Oscar Aldred: Technical Report</b> .....	<b>19</b>
Introduction.....	19
Databases and data .....	19
Isleif .....	20
ARENA SMR .....	23
Grefill.....	25
Metadata (data management & visual data).....	27
10000 sites .....	27
Artefact .....	27
ISMR.....	28
Biblio.....	28
Other databases .....	28
GIS .....	28
Data areas .....	29
Initiatives.....	30
Preservation and access development .....	31
Metadata.....	31
Upsize .....	32
On-line access and the MMU concept .....	32
Future work:.....	33
<b>Barbara Guðnadóttir: Vefmiðlunin</b> .....	<b>39</b>
Skilgreining á notendahópum .....	39
Val upplýsinga .....	40
Hönnun viðmóta.....	42
Leitarskilyrði.....	42
<b>Nýting niðurstaðna</b> .....	<b>44</b>
Almenningur og ferðamenn .....	44
Skólakerfið .....	44
Vísindasamfélagið.....	45
Stjórnsýsla.....	45
<b>Framhald</b> .....	<b>46</b>
<b>Fylgiskjöl</b> .....	<b>47</b>
DATA DICTIONARY.....	47

## Inngangsorð

Frá árinu 1994 hefur Fornleifastofnun Íslands unnið að kerfisbundinni söfnun og skráningu menningarsögulegra upplýsinga. Um er að ræða upplýsingar um mannvirkjaleifar, sögustaði, þjóðhætti, þjóðsögur, örnefni og hverskyns staðbundin menningarsöguleg fyrirbæri. Upplýsingarnar eru færðar í gagnagrunninn ÍSLEIFU sem hefur nú að geyma upplýsingar um tæplega 60.000 íslenskar fornleifar. Til þessa hefur þetta upplýsingasafn nær eingöngu verið notað í stjórnsýslu og rannsóknum en ljóst er að hægt er að nýta það á fjölbreyttari hátt, m.a. til að efla ferðapjónustu og styrkja kennslu í samfélags- og umhverfisfræðum í grunnskólum.

Árið 1999 var sótt um styrk til Rannís fyrir verkefnið Miðlun menningarsögulegra upplýsinga. Markmið verkefnisins var annarsvegar að þróa gagnakerfi um staðbundnar menningarsögulegar upplýsingar þannig að hægt væri að miðla upplýsingum á veraldarvefnum, og hinsvegar að miðla upplýsingunum á þann hátt að þær mættu nýtast sem flestum, ekki bara fræðimönnum, heldur einnig nemendum, ferðamönnum og stjórnsýslu og verða til þess að efla atvinnulífið, sérstaklega á landsbyggðinni og bæta nám í samfélagsgreinum.

Ýmsir örðugleikar sem ekki voru fyrir séðir urðu til þess að verkefnið dróst yfir lengra tímabil en ráð hafði verið fyrir gert og breyta þurfti áherslum snemma á ferlinu. Í ljós kom að þær fyrirætlanir að staðsetja minjastaði á kortagrunni í landupplýsingakerfi voru óraunhæfur þar sem ómögulegt var að afla nægilega nákvæmra kortagrunna fyrir allt landið. Ennfremur er ekki þekkt staðsetning nema hluta þeirra minjastaða sem skráðir eru í gagnagrunninum.

Á þeim árum sem verkefnið hefur staðið yfir hefur orðið mikil þróun varðandi tækni við gagnakerfi og vefmiðlun. Mörg tæknileg vandamál sem komu upp leystust af sjálfu sér þegar nýr hugbúnaður var kynntur til leiks og tæknilausnir urðu þróaðri. Það sem hefur orðið verkefninu hvað mest til framdráttar var samstarf við sérfræðinga fornleifadeildar Arts and Humanities Data Service (AHDS) á Englandi í verkefninu ARENA, en AHDS hefur verið í fararbroddi í þeirri þróun sem átt hefur sér stað í tengslum við stafræn gagnasöfn, varðveislu gagna, þróun vefgátta og í verkefnum sem miða að því að miðla gögnum um veraldarvefinn.

Í apríl verður opnuð tilraunavefsíða þar sem hægt verður að leita eftir menningarsögulegum upplýsingum á mismunandi vegu. Í kjölfarið verður vefurinn kynntur þeim notendahópum sem frá upphafi hafa verið skilgreindir sem helstu markhóparnir. Þetta eru almenningur (í raun allir sem áhuga hafa á íslenskrri menningarsögu), ferðamenn (bæði innlendir og erlendir), nemendur, sérfræðingar, háskólastúdentar og stjórnslan.

Með verkefninu er búið að mynda undirstöðu sem hægt er að byggja á til framtíðar. Þrátt fyrir að styrkveitingu Rannís sé nú lokið þar sem einungis var veitt til þess hluta verkefnisins sem lýtur að því aðgera upplýsingar úr gagnagrunninum um menningarsögu aðgengilegar, þá er ljóst að þetta er aðeins fyrsta skrefið í mjög spennandi og umfangsmiklu þróunarverkefni og er nauðsynlegt að fylgja verkefninu fagmannlega eftir, nota þá möguleika sem með því hafa verið opnaðir og sjá til þess að vefurinn verði notaður af sem flestum og nái að stækka og dafna.

## Skýrsla verkefnisstjóra

Verkefnið hófst árið 1999 og lýkur í apríl 2004, þegar opnaður verður vefur þar sem menningarsögulegum gögnum verður miðlað um mismunandi notendaviðmót. Verkefnisstjóri er Orri Vésteinsson en frá 2001 hafa þau Barbara Guðnadóttir og Oscar Aldred verið aðalstarfsmenn verkefnisins og meðstjórnendur. Hlutverk stjórnar hefur verið að setja markmið, endurskoða verk- og kostnaðaráætlun, skipuleggja samstarf við sérfræðinga og sjá um daglega umsjón með verkinu. Aðrir þátttakendur hafa verið sérfræðingar, fyrirtæki og stofnanir.

### Þátttakendur og hlutverk þeirra í verkefninu

Adolf Friðriksson fornleifafræðingur hefur unnið að þróun gagnagrunnanna ÍSLEIFAR og GREFILS, veitt ráðgjöf um innri uppbyggingu gagnakerfisins með tilliti til þarfa vísindamanna og áframhaldandi skráningarstarf. Ásgeir Friðgeirsson kennari, fjölmiðlafræðingur og ritstjóri tók þátt í almennri stefnumótun og hefur veitt ráðgjöf um kynningu og vefmiðlun. Barbara Guðnadóttir hefur hannað notendaviðmót, gert könnun á þörfum skólakerfis og unnið að þróun námsefnis og vefskipulag. Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur og íslenskufraeðingur hefur unnið að textagerð. Elín Ósk Hreiðarsdóttir mannfræðingur og fornleifafræðingur hefur aðstoðað við gagnasöfnun, veitt ráðgjöf varðandi ákveðna efnisþætti og aðstoðað við myndavinnu. Gísli Gíslason jarðfræðingur og landslagsarkitekt hefur aðstoðað við öflun kortagrunna og veitt ráðgjöf um framsetningu stafrænna korta. Guðrún Alda Gísladóttir kennari og fornleifafræðingur hefur aðstoðað við þróun námsefnis fyrir nemendur grunnskóla. Gunnar Guðnason tölvunarfræðingur hefur veitt ráðgjöf varðandi vefþjón og hýsingu. Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur hefur unnið að textagerð og annast prófarkalestur. Halldór Bjarki Christensen hannaði og setti upp frumgerð af vefsíðu þar sem hægt er að skoða 10 helstu minjastaði landsins. Oscar Aldred hefur haft yfirumsjón með vistun stafrænna gagna, unnið að endurskipulagi gagnagrunnsins og annast uppsetningu kortagrunna og leitarvéla. Pálmi Ragnar Pétursson verkfræðingur hefur veitt ráðgjöf um tengingu viðmóts og ganga. Rögnvaldur Guðmundsson kennari og ferðamálafræðingur hafði yfirumsjón með markaðsrannsóknnum um menningarferðaþjónustu og stjórnar þróun upplýsingagjafar fyrir ferðamenn, gestgjafa og ferðasala. Sigrún Gunnarsdóttir tölvunarfræðingur og

fjarkennari hafði umsjón með þróun tæknilausna við uppsetningu og miðlun gagnasafnsins. Sólborg Una Pálsdóttir sagnfræðingur vann að stefnumótun við uppbyggingu Ísleifar og veitti ráðgjöf varðandi breytingar á skipulagi. Sædis Gunnardóttir sagnfræðingur og fornleifafraeðingur hefur annast textaritstjórn og efnislega samræmingu gagna. Sölvi Björn Sigurðsson rithöfundur annaðist textagerð og Tom Barry landfræðingur hefur veitt ráðgjöf um landfræðilega upplýsingavinnslu á gagnagrunni.

Fyrirtæki, stofnanir og bæjarfélög sem hafa komið að verkefninu eru: Akureyrarbær sem leyfði afnot af kortagrunni bæjarlandsins fyrir tilraun með merkingu fornleifa á kortagrunn, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, Landmótun ehf, Landssíminn, sem lagði til sérfræðipækkingu starfsmanna í forritun og gagnaflutningi á fyrsta ári verkefnisins, Landvist á Húsavík sem aðstoðaði við tilraunir á innslátt minjastaða á kortagrunna, ASP tölvuþjónusta ehf sem veitir ráðgjöf varðandi gagnaflutninga og tengsl við vefsvæði, aðstoðar við hönnun viðmóta fyrir leitarvélar og leitarforritun og mun hýsa gagnagrunninn. Að lokum er það Námsgagnastofnun sem hefur lýst yfir vilja við að hýsa þann hluta vefsins sem lýtur að kennslu í grunnskólum og aðstoða við kynningu og þróun skólavefs.

## **Ágrip**

Markmið verkefnisins var að þróa gagnakerfi um staðbundnar menningarsögulegar upplýsingar og miðla þeim með áherslu á þarfir mismunandi notenda. Unnið hefur verið að því að finna heildarlausn á skráningu, vistun og framsetningu staðbundinna menningarsögulegra upplýsinga og leita leiða til að tengjast öðrum menningarsögulegum gagnasöfnum. Verkefnið hefur falist í tveimur meginþáttum: annarsvegar þróun gagnagrunna Fornleifastofnunar og hinsvegar þróun leiða til að miðla upplýsingum á veraldarvefnum. Gagnagrunnarnir sem um ræðir eru: ÍSLEIF – gagnagrunnur um íslenskar fornleifar og GREFILL – gagnabanki fyrir uppgraftargögn. Tækni í sambandi við innslátt og ritstjórn upplýsinga var bætt. Unnið var að endurskipulagi grunnanna til að undirbúa vefmiðlun, lýsigagnastaðlar voru endurskoðaðir með það að markmiði að tenging við aðra gagnagrunna yrði möguleg, sett var upp kerfi fyrir vistun myndefnis (teikningar og ljósmyndir) og þróaðar og hannaðar leitarvélar til að tryggja greiðari aðgang milli taflna. Starfsmönnum

verkefnisins var boðið að taka þátt í Evrópska samstarfsverkefninu ARENA, þar sem þróaðar hafa verið aðferðir til að bæta vistun, varðveislu, aðgengi og miðlun stafrænna fornleifagagna. Mikill ávinningur var að þessu samstarfi og voru mörg tæknileg vandamál sem virst höfðu óleysanleg, leyst með aðstoð erlendra sérfræðinga þar sem reynsla þeirra af gagnakerfum og miðlun gagna um vefinn reyndist ómetanlegur.

Annar þáttur verkefnisins fólst í því að þróa leiðir til að miðla þeim upplýsingum sem safnað hefur verið áfram til mismunandi notendahópa. Gerðar voru kannanir og tilraunavefsíður prófaðar svo betur væri hægt að átta sig á og þekkja þarfir hinna ólíku notenda. Skilgreindir voru fjórir notendahópar: 1. ferðamenn, 2. skólakerfið, 3. vísindasamfélagið og 4. stjórnsýsla. Í ljós kom að forsendur þessara hópa við nálgun gagna eru mjög ólíkar. Ákveðið var að skrifa texta, sérstaklega ætlaða fyrir ferðamenn og skólakerfi. Sömu textar og myndir nýtast líka vísindasamfélagi og stjórnsýslu, en þar er nauðsynlegt að setja gögn fram með miklu meiri nákvæmni og opna möguleika til frekari upplýsingaleitar.

### **Ályktanir og umræða**

Verkefnið hófst árið 1999 og skiptist í 3 áfanga. Styrkur úr upplýsingatækni- og umhverfisrannsóknáætlun Rannís var veittur fyrir fyrstu tveimur áföngum verkefnisins og lýkur öðrum áfanga í apríl 2004. Upphaflega var gert ráð fyrir að þessum áföngum lyki á þremur árum, þ.e. í lok ársins 2002 (sjá fyrstu tíma- og verkáætlun), en ýmislegt varð til þess að hægja á verkefninu. Jákvæð afleiðing af því var að unnt reyndist að nýta nýjar tæknilausnir og þá miklu þróun sem átt hefur sér stað í tengslum gagnagrunna og vefmiðla á síðustu árum

Unnt hefur verið að þróa og finna góðar lausnir fyrir tæknilega hlið verkefnisins og munaði þar miklu um reynslu og þekkingu erlendra sérfræðinga í Evrópska samstarfsverkefninu ARENA. Einnig naut verkefnið góðs af þróunarverkefni sem Archaeology Data Service á Englandi hefur unnið að í tengslum við HEIRPORT<sup>1</sup> (Historic Environment Search Portal), þar sem svipuð hugmynd um notendamiðaðan menningarvef lá til grundvalla.

---

<sup>1</sup> Vefur Heirport er: <http://ads.ahds.ac.uk/heirport/>



Á þeim árum sem verkefnið hefur staðið yfir hefur margt gerst hvað varðar þróun gagnagrunna og miðlun gagna á veraldarvefnum. Mikil bjartsýni réði því að ráðist var í verkefnið og mörg ljón í veginum. Strax í upphafi var ljóst að ómögulegt yrði að afla kortagrunna fyrir allt landið sem hægt væri að nýta sem grunn fyrir landupplýsingakerfi. Sérfæðingar ráðlögðu að hverfa frá þeim áætlunum og leita annarra leiða við að miðla upplýsingum. Í ljós kom að hægt væri að veita upplýsingar á skilmerkilegan og áhugaverðan hátt með því takmarkaða magni af kortagögnum sem til er, en jafnframt var talið rétt að halda þeim möguleika opnum að bæta seinna við leit í landupplýsingakerfi. Að öðru leyti hefur verkefnið verið unnið eins og til stóð. Gagnakerfi og tækni var bætt, unnið var með langtímamarkmið að leiðarljósi, þannig að í framtíðinni verði hægt að keyra gagnagrunnin saman við önnur kerfi. Viðmót hefur verið hannað með teknu tilliti til þarfa mismunandi notendahópa og nú er unnið að uppsetningu tengsla við gögn og forritun fyrir leitarvélar. Tilraunavefur verður opnaður í apríl 2004, á sama tíma og opnuð verður gátt í tengslum við ARENA verkefnið (sjá nánar í tæknihluta skýrslunnar), þannig að einnig verður hægt að nálgast fornleifagögn úr erlendum gagnagrunnum. Er litið á fyrstu mánuðina sem reynslutíma, þar sem leitast verður við að bæta og breyta eftir því sem vandamál koma upp.

### **Kynning á verkefninu**

Verkefnið hefur ekki verið kynnt í fjölmiðlun enn sem komið er. Það verður gert þegar vefurinn hefur verið opnaður. Í kjölfarið verða birtar greinar um verkefnið í dagblöðum og birtar greinar m.a. í Sveitarstjórnarmálum, í fréttabréfi leiðsögumanna og settar krækjur yfir á vefinn af vefsíðu félags leiðsögumanna, vefsíðum sveitarfélaga, ferðamálasíðum og af vefsíðu Námsgagnastofnunar. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu á vegum Félags íslenskra fornleifafræðinga í Norræna húsinu 18. janúar 2003, fjallað hefur verið um verkefnið á sérstakri vefsíðu innan vefs Fornleifastofnunar<sup>2</sup> og í ársskýrslum Fornleifastofnunar.

Þann 24. febrúar 2004 fer fram kynningarfundur á vegum ARENA verkefnisins og verður MMU verkefnið ásamt vefskipulagi menningarvefsins kynnt af Oscari Aldred, einum stjórnenda verkefnisins. Þegar nýjar vefsíður hafa verið opnaðar

<sup>2</sup> Sjá á vefsíðunni: <http://www.instarch.is/isleif/mmu.htm>

verða fréttatilkynningar sendar fjölmiðlum og haldnar kynningar fyrir notendur (stjórnsýslu, ferðasala, kennara og vísindasamfélagið).

## **Verk- og tímaáætlun**

Í umsókn um styrk var gerð nákvæm verk- og tímaáætlun þar sem miðað var við að verkefnið stæði yfir í 5 ár og skiptist í 3 hluta. Styrkur frá Rannís var veittur til fyrstu tveggja hluta verkefnisins. Í síðasta hlutanum var gert ráð fyrir að ljúka hönnun leitarvélar, viðmóts fyrir vísindasamfélag, þróa námsefni fyrir skóla og vinna að stefnumótun og gerð stuðningsefnis fyrir ferðaþjónustu. Af þessu er nú þegar verið að hanna leitarvélar, viðmót fyrir vísindasamfélag er tilbúið og byrjað hefur verið að þróa námsefni.

Á hverju ári var farið yfir verk- og tímaáætlanir og varð snemma ljóst að ekki var hægt að vinna verkhlutana í nákvæmlega þeirri röð sem upphaflega var gert ráð fyrir. Á fyrsta ári var ætlunin að þróa tengingu við önnur gagnasöfn. Þegar skipulag gagnagrunna menningarstofnana var skoðað, kom í ljós að ekki var mögulegt að tengjast þeim fyrr en gagngerar breytingar höfðu verið gerðar á skipulagi með samhæfingu að leiðarljósi. Það verður ekki fyrr en á næstu árum mögulegt að tengja grunninn öðrum upplýsingakerfum, þegar endurskipulag gagnakerfa eftir stöðluðum lýsigagnastöðlum hefur farið fram. Annað sem unnið var öðruvísi en ráð var fyrir gert, var hönnun notendaviðmóta, en markvissara reyndist að vinna að hönnun þeirra allra á sama tíma. Hér á eftir verður fjallað um hvern áfanga fyrir sig.

### **Fyrsti áfangi**

Á fyrsta ári verkefnisins fór mikill tími og vinna í öflun kortgrunna. Í ljós kom að aðgangur að kortgrunnum yrði sennilega mesta hindrunin fyrir framgang verkefnisins. Bæði voru þeir mjög dýrir og ekki voru til nægilega nákvæmir kortagrunnar á stafrænu formi nema af einstaka svæðum. Tilraunir voru gerðar í samstarfi við Landvist á Húsavík með fornleifakort af Akureyrarbæ og rætt við sérfræðinga um leiðir til að komast yfir þessa hindrun. Ýmsir gallar á upphaflegri hugmynd komu í

Ljós, fyrst og fremst tæknilegar hindranir varðandi tækni til að setja stór gagnasöfn á vefinn, einkanlega kort og var á þessu stigi ekki orðin næg þróun hvað forrit varðaði, sem enn voru bæði dýr og ófullkomin. Unnið var að gagngerri yfirferð með tilheyrandi breytingum á gagnagrunninum ÍSLEIFU, svo hægt væri að byggja á honum til frambúðar. Gerðar voru tilraunir með að setja grunninn á internetið svo hægt væri að vinna í honum hvaðanæva að og miðla upplýsingum um netið. Frumgerð grunnsins var gerð aðgengileg á þennan hátt en ljóst varð að breyta þyrfti skipulagi grunnsins. Þeir erfiðleikar sem tengdust öflun kortagrunna leiddu til þess að þarfir fyrir kortagrunn voru endurskilgreindar og var sú ákvörðun stefnumótandi fyrir framgang verkefnisins. Í kjölfarið var ákveðið að líta ekki lengur á framsetningu í landfræðilegu upplýsingakerfi sem grundvallaraðferð, heldur að byrja vefskipulag með almennum upplýsingum og fara smám saman út í meiri nákvæmnisupplýsingar. Á seinni hluta ársins var unnið að gerð tilraunavefsíðu sem notuð var við gerð kannana á þörfum notenda. Einnig voru gerðar símakannanir til að kanna þarfir almennings og voru þær unnar af Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. Á vegum FSÍ var unnið við tæknilegar breytingar á gagnagrunninum ÍSLEIFU. Gerðar voru ýmsar gagngerar breytingar. Reitum var bætt inn á spjald um minjastaði fyrir fleiri sérheiti og hlutverk, fyrir enskar þýðingar, fyrir ljósmyndir og teikningar fyrir tengsl við netútgáfu. Textaskráreitum fyrir landamerkjalyásingar og örnefnalyásingar og reitum fyrir jarðarkort var bætt við spjöld. Þá var töflum um ljósmyndir, teikningar og bókræði bætt við og breytt fyrirkomulagi á flutningi gagna af grunninum yfir í textaskjöl og hannaður sjálfvirkur leiðréttingabúnaður og vinnureglur settar um ritstjórn grunnsins. Unnið var að þróun leitarvéla og sjálfvirkrar gagnagreiningar. Einnig voru gerðar margvíslegar tilraunir um leitarferli með mismunandi áherslum.

Eftir að fyrrgreindar breytingar höfðu verið gerðar á grunninum, tók Sigrún Gunnarsdóttir hjá Landssímanum við honum og setti upp frumgerð að skráningarkerfi á vefinn. Vefurinn keyrði á Linux og var hluta grunnsins sem unninn hafði verið í Access varpað yfir í MySQL gagnagrunn. Búin var til vefsíða þar sem veittar voru upplýsingar um 10 minjastaði (Reykjavík, Reykholt, Vatnsdal, Borgarvirki, Gásar, Hofstaði, Papey, Stóruborg, Stöng og Þingvelli) ásamt myndum sem hægt var að skoða í stærri glugga sérstaklega.

Þegar möguleikar á gagnvirkum tengslum milli gagnakerfa annarra menningarstofnana voru könnuð, kom í ljós að þau kerfi sem skoðuð voru, voru ekki komin svo langt í þróun að tímabært væri að setja upp tengingu. Unnið er að samræmingu fornleifaspjalda SARPS, gagnagrunns þjóðminjavörslunnar, svo auðvelt yrði að samhæfa kerfin.

Af framangreindu er ljóst að helstu breytingar frá upphaflegri verkáætlun eru þær að horfið er frá notkun korta sem meginþema verkefnisins og uppsetningu landupplýsingakerfis og ákveðið að fara aðra leið. Ennfremur var ljóst að ekki yrði unnt að huga að tengslum við önnur gagnakerfi á þessu stigi málsins.

## **Annar áfangi**

Þeir verkþættir sem ætlunin var að vinna á öðru ári verkefnisins og mynda fyrri hluta annars þáttar heildarverkefnisins drógust heldur á langinn og tóku á endanum tvö ár. Helstu framfarir á þessu tímabili og grundvöllur fyrir öllu framhaldi verkefnisins, var uppsetning netþjóns og sítengingar hjá Fornleifastofnun Íslands. Netþjónninn sem nú hýsir gagnagrunnana var bylting fyrir verkefnið og alla skráningarvinnu, þar sem nú reyndist í fyrsta sinn unnt að vinna í einum megingrunni þar sem allar upplýsingar voru færðar inn, jafnframt því að öll umsjón og ritstjórn gekk betur.

Haldið var áfram að reyna að afla kortagrunna og merkja inn á og vinna úr þeim kortum sem fengist höfðu. Vegna erfðleika við öflun kortagrunna var unnið að endurstefnumótun heildarskipulags fyrir verkefnið og ákveðið að það yrði langtímamarkmið að hanna fjögur mismunandi kortalög sem tækju tillit til þarfa hinna ólíku notendahópa:

- 1) Íslandskort með 10 helstu minjastöðum landsins.
- 2) Sýslukort með friðlýstum minjum, athyglisverðum stöðum og rannsóknarstöðum (1000 minjastaðir).
- 3) Sveita- og hreppakort sem sýna bæjarstæði, sel og aðrar yfirborðsminjar.
- 4) Kort í stórum mælikvarða sem sýna landamerki og allar skráðar fornleifar.

Fyrstu tvö kortalögin eru einkum ætluð ferðamönnum og fróðleiksfúsum almenningi, þriðja er ætlað að svara þörfum skólakerfis og almennings og fjórða kortlagið er einkum ætlað stjórnslu og vísindamönnum. Þar sem ekki er enn til staðsetning fyrir alla þá staði sem fjallað verður um á öðru kortalaginu, hvað þá í seinni tveimur, verður það verkefni næstu ára að bæta reglulega við upplýsingum eftir því sem staðsetning minja og landamerkja skýrist og kortagrunna verður aflagð.

Unnið var að undirbúningi og gerð kannana á þörfum stjórnslu og vísindasamfélags. Niðurstöður úr könnunum leiddu í ljós að þróa þyrfti áfram vefskipulag og gera það miklu margþættara þar sem notendahóparnir eru ólíkir innbyrðis og miklar væntingar um að fá fjölbreyttar upplýsingar. Einnig reyndist nauðsynlegt að huga að því að hægt yrði að fullnýta vefinn í öllum gerðum vafra, hafa framsetningu einfalda og skipulag gagnsætt. Í ljós kom að javascript felligluggi sem notaður var í tilraunavef sem sýndi 10 helstu minjastaðina ásamt myndum og nánari umfjöllun, virkaði ekki í öllum vöfrum. Við kannanir kom ennfremur í ljós að nauðsynlegt væri að matreiða texta sérstaklega. Ákveðið var að skrifa aðgengilega texta um 1000 helstu minjastaði landsins. Valdir voru allir friðlýstir minjastaðir, aðrir staðir sem hafa menningarsögulegt gildi og staðir þar sem gerðar hafa verið rannsóknir.

Starfsmönnum verkefnisins bauðst að taka þátt í evrópska samstarfsverkefninu ARENA (Archaeological Records of Europe: Network Access), sem styrkt er af Menningu 2000, markáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið miðar að því að þróa aðferðir við varðveislu, samræmingu og miðlun stafrænna fornleifagagna og opna gátt með tengsl við gagnagrunna um fornleifar í Evrópu sem fyrirfinnast í mismunandi löndum (sjá nánar á vefsíðunni: <http://ads.ahds.ac.uk/arena/>). Þegar ljóst var að verkefnið yrði að veruleika, var ákveðið að ráða Oscar Aldred til starfa hjá stofnuninni til að vinna við bæði verkefnið, en hann hefur sérþekkingu á vinnu við menningarsögulega gagnagrunna og landupplýsingakerfi. Eftir að hann tók til starfa og samstarf hófst við marga helstu sérfræðinga Evrópu um varðveislu, aðgengi og miðlun stafrænna gagna, tók tæknileg hlið verkefnisins miklum framförum og ýmis vandamál sem höfðu virst óyfyrstíganleg voru leyst með hraði. Í kjölfarið var unnið að endurskipulagningu gagnagrunnanna svo að unnt yrði að varpa gögnunum yfir í skipulag með lýsigagnastaðalinn Dublin Core. Með því var lagður grunnur að leitarvél

sem þróuð hefur verið af sérfræðingum ADS á Englandi og einnig lagður grunnur að því að hægt verði að samhæfa gagnagrunna mismunandi stofnana. Því hefur verið beint til þeirra sem vilja gera menningargögn aðgengileg á vefnum, að nota Dublin Core lýsigagnastaðalinn (sjá <http://www.opinmenning.org/>). Sólborg Una Pálsdóttir tók sér það námsverkefni í MA námi við York háskóla að gagnrýna uppbyggingu ÍSLEIFAR og setja fram tillögur um hvernig breyta mætti grunninum til að gera hann aðgengilegri fyrir vísindamenn.

Gerð var athugun á því námsefni sem til er um fornleifafræði á grunnskólastigi á Íslandi. Í ljós kom að það er af skornum skammti og ekkert á íslensku. Viðræður við kennara bentu til mikils áhuga og þörf á að fylla í þetta skarð. Útbúið var tilraunanámsefni og kennurum nokkurra grunnskóla á Suðurlandi boðið að nota það í kennslustund og koma í kjölfarið í Skálholt þar sem fornleifauppgröftur var nýhafinn. Rætt var við forstjóra og útgáfustjóra Námsgagnastofnunar um hugsanlega aðkomu stofnunarinnar að þróun námsefnis og var áhugi mikill, sérstaklega þegar fjallað var um MMU verkefnið. Reynt verður að fá styrk frá Menntamálaráðuneytinu til að fjármagna áframhaldandi þróun námsefnis.

Ef framangreint er borið saman við fyrstu verkáætlanir er ljóst að tekist hefur að ljúka þeim áföngum sem stefnt var að þó heildarstefnan hafi breyst nokkuð hvað kortagrunna varðar. Kostnaður var lægri en gert hafði verið ráð fyrir og fólst það aðallega í minni ferða- og fundakostnaði, þar sem hægt var að samnýta þennan lið með öðrum verkefnum.

## **Þriðji áfangi**

Á síðasta styrktímabilinu var haldið áfram vinnu við kortagrunna, lokið við endurskipulagningu gagnagrunna, haldið áfram þróun og hönnun leitarvéla, unnið viðamikið vefskipulag og teknar ákvarðanir varðandi ýmis tækniatriði eins og hýsingu og viðhald gagnagrunna, uppsetningu tenginga, aðgengi og val upplýsinga við miðlun.

Í upphafi þessa áfanga var farið yfir stöðu verkefnisins, rætt um þau vandamál sem enn átti eftir að leysa og þá sérstaklega að taka ákvörðun um hýsingu gagnagrunnsins, tengingu við netið og tengingu við netgátt á Englandi, þar sem komið

verður upp kerfi sem heimilar leit í gagnagrunnum menningarstofnana í mismunandi löndum. Rætt var um verkáætlun og fjármögnun fyrir framhald hinna ólíku verkþátta. Ljóst er að mikið verk verður enn óunnið þegar styrk frá Rannís nýtur ekki lengur við og nauðsynlegt að leita leiða til að halda áfram þeirri vinnu sem lagt hefur verið út með verkefninu. Verkefnið hefur á þessu stigi verið unnið að miklu leyti samhliða ARENA verkefninu, þar sem svipaðar tæknihindranir hafa verið á ferðinni og er óvíst hvort svo vel hefði verið hægt að standa að verkefninu ef ekki hefði notið þeirrar miklu þekkingar og þeirra góðu lausna sem sérfræðingar ADS á Englandi hafa bent á.

Mikil vinna fólst í að setja inn staðsetningapunkta á kortagrunna. Upplýsingar um staðsetningapunkta eru mjög glöppóttar þar sem ekki hefur alltaf verið til sú tækni, kunnátta og vinnuregla að tekin séu hnit og þau skráð og einnig hafa viðmið fyrir staðsetningu verið mismunandi eftir tímum og eftir því hvaða kerfi eru notuð. Lokið var við að setja inn staðsetningu minjastaða sem skráðir höfðu verið og hægt var að samhæfa á þá kortagrunna sem til voru í stafrænu formi.

Ýmsar leiðir voru ræddar til að miðla kortagrunnum um netið. Helsta vandamálið fólst í því hve kortin eru þung, en það er eitthvað það alversta sem hægt er að gera notendum vefsíðna, þ.e. að vafrar séu lengi að opna myndir og hefur verið stefnt að því að hafa vefinn sem allra notendavænstan. Ýmsir möguleikar á virkni milli kortalaga voru skoðaðir. Eins og reiknað hafði verið með er hugbúnaður sem bestur mundi reynast mjög dýr og var ákveðið að geyma þennan hluta, nota það sem til væri og hafa tengla milli kortalaga og frá kortum að textum. Einn möguleiki sem skoðaður var, er að nota vef-hreyfimyndahugbúnaðinn Flash frá Macromedia til að ferðast um kort og birta texta sem tengjast ákveðnum svæðum þegar farið er með bendil yfir, eða lita svæði á korti þegar farið væri með bendil á texta sem fjallaði um þetta tiltekna svæði. Þessi leið væri mjög spennandi og er verðugt að skoða betur síðar. Á þessu stigi var ákveðið að geyma þennan möguleika þar til fjármagn hefði fengist, þar sem mikil vinna og sérþekking þarf fyrir slíkt verkefni.

Haldið var áfram vinnu við þróun leitarvéla og hófst smíði hennar 2003. Ætlunin er að fyrsta gerð leitarvélar verði tilbúin til notkunar í marslok 2004 og stefnt að reynslukeyrslu í apríl. Leitaraskilyrði voru skilgreind og lykilorð ákveðin í samráði við alla þá sem vinna við gagnagrunninn.

Rætt var við ýmsa aðila um uppsetningu og hýsingu gagnagrunnsins en skilyrði var að settur yrði upp hugbúnaður sem samræmdist leitarskilyrðum leitarvélar sem nú er verið að smíða. Fljótt kom í ljós að þrátt fyrir að ekki hefði verið reiknað með því að vandamál yrði þessu samfara, reyndist málið talsvert snúið. Það var ekki fyrir en í janúar 2004 að ASP tölvuþjónustan og tölvunarfræðingurinn dr. Gestur Grétarsson komu að verkefninu, að hlutirnir fóru loks að mjakast áfram. Gestur hefur keyrt upp hugbúnaðinn z39.50 zava sem nauðsynlegur er til að leitarvélin nái að vinna rétt og er nú að vinna að gerð viðmóts fyrir innslátt og leit.

Unnið var að þróun heildarskipulags vefsins að teknu tilliti til þarfa og óska notendahópa. Farið verður frá viðtæku yfir á sértækari svið og bæði miðlað um kort, með textum, teikningum, myndum og uppdráttum. Á meðan ferðamenn, almenningur og nemendur fá samfellda texta, útskýringar og áhugaverðan fróðleik, geta sérfræðingar og stjórnsýsla leitað gagna sem nýtast við sérhæfð verkefni, t.d. skipulagsverkefni, rannsóknarverkefni og við almenna upplýsingaleit. Til viðbótar við þá verkþætti sem í upphafi var gert ráð fyrir, var ákveðið að bjóða kennurum að nálgast efni sem gæti nýst í kennslu og benda á leiðir til að nota vefinn markvisst við kennslu í samfélagsfræðum. Ennfremur var ákveðið að taka tillit til litblindra í framsetningu á vefnum. Notaðir eru mismunandi litir fyrir hvern notendahóp og voru gerðar tilraunir með því að nota hugbúnaðinn Vischeck<sup>3</sup> til að finna liti sem einstaklingar með mismunandi tegund litblindu gætu greint í sundur. Sjá nánar um vefskipulag og viðmótshönnun í viðkomandi skýrsluhluta.

Unnið hefur verið jafnt og þétt að skipulagi og virkni leitarkerfis. Skipulag og virkni spjalda hefur verið bætt jafnt og þétt á öllum stigum verkefnisins. Ákveðið var að þjónusta notendur vefsins enn betur með því að hafa vefföng með krækjum þar sem hægt er að finna fleiri upplýsingar. Í kjölfarið var gerður nýr gagnagrunnur þar sem safnað var vefföngum fyrir mismunandi þætti. Nú er til mikill gagnabanki með vefföngum háskóla, stofnana, menningargagnabanka, söfn, rannsóknarverkefni, menningartengdar vefsíður og fræðslusíður.

Hönnuð var frumgerð vefsíðu fyrir vísindasamfélagið. Á vefsíðunni er hægt að finna upplýsingar um verkefnin (MMU og ARENA) og hlaða niður uppgraftargögnum úr GREFLI (gagnabanki fyrir uppgrefti) í þessari fyrstu

---

<sup>3</sup> Vischeck er hugbúnaður sem hermir eftir því ferli sem á sér stað hjá litblindum þegar þeir nema liti. Sjá á vefsíðunni: <http://www.vischeck.com/>



tilraunaútgáfu voru notuð gögn úr Hofstaðauppgrefti. Slóðirnar eru: [www.instarch.is/mmu/mmu.htm](http://www.instarch.is/mmu/mmu.htm) og [www.instarch.is/arena/arena.is](http://www.instarch.is/arena/arena.is). Á vefsíðunum er notast við einfalda framsetningu með html forritun.

Oscar Aldred ræddi við Frosta Jóhannsson, framkvæmdastjóra Sarps (gagnakerfis Þjóðminjasafns Íslands), um samhæfingu Sarps og Ísleifar. Við samanburð skráningarspjalda varð ljóst að hægt verður án erfiðleika að samhæfa hluta af skráningargögnum en ekki verður hægt að tengja grunnana að ráði fyrr en búið verður að varpa gögnum í Sarpi yfir í Dublin Core, en nú er unnið að því.

Eins og við mátti búast tók góðan tíma að vinna að endanlegu vefskipulagi. Ákveðið var að taka strax með í reikninginn þá þætti sem hægt verður að bæta á vefinn á næstu árum þrátt fyrir að ekki verði af því fyrir fyrstu opnun. Þannig verður einfalt að bæta meira efni inn á síðar og ýmsir fleiri möguleikar eru áfram opnir, enda eru tækniframfarirnar slíkar að það sem var ómögulegt í gær er tiltölulega einfalt í dag.

Þegar búið var að ákveða hvaða upplýsingar yrðu veittar á hverri síðu og hvernig best yrði að útfæra efnisleit, var hægt að hanna notendaviðmót. Ákveðið var að byggja hönnunina á þróunarverkefni sem unnið hafði verið af HEIRPORT á Englandi, en það byggðist á svipaðri hugmynd, nefnilega að miðla minjaupplýsingum um mismunandi notendaviðmót. Notendahópar voru nokkuð fleiri en hér hafa verið skilgreindir, og hver notendahópur hafði ákveðinn lit sem hluta af hönnuninni. Efnið var að einhverju leyti mismunandi eftir því hvaða notendur áttu í hlut en gögnin sem lágu til grundvallar voru þó þau sömu. Svipuð leið hefur verið farin með MMU verkefnið. Vefsvæðið verður opnað í tilraunaskyni í apríl 2004, en hægt er að skoða vefviðmótið á vefslóðinni: [www.instarch.is/mmu/forsida.php](http://www.instarch.is/mmu/forsida.php).

Stefnt er að því að gefinn verði kostur á leit á mismunandi hátt. Hægt verður að leita eftir orðum (hefðbundin orðaleit), en einnig verður hægt að leita eftir hugtökum, staðsetningu og tímabili. Skilgreina þarf hvað viðkomandi vill finna, þ.e. hverskonar minjasvæði, og hinsvegar hvar á landinu. Á þennan hátt er hægt að þrengja leitarskilyrði. Vísindasamfélagið getur svo sett viðbótarleitarskilyrði, en það er frá hvaða tímabili minjarnar ættu að vera. Leitarhugtökinn eru því HVAR – HVAÐ – HVENÆR auk hefðbundinnar hugtakaleitar.

Kostnaðaráætlun fyrir þennan síðasta áfanga sem og verkefnið í heild stóðst upphaflega áætlanir. Ljóst er þó, eins og nefnt hefur verið, að ekki er hægt að líta svo á að verkefninu sé lokið, þar sem starfsmenn verkefnisins eru metnaðarfullir og vilja geta boðið notendum vefsins upp á miklu meira en hægt er á þeim takmarkaða tíma og með því takmarkaða fjármagni sem verkefnið hefur haft.

## **Oscar Aldred: Technical Report**

### **Introduction**

This document outlines the major developments aligned with the MMU project's duration, in particular concentrating on the databases housed and created by the Institute of Archaeology and the initiatives that have developed since September 1999 connected with their enhancement. As this is work that will continue after the MMU project's funding has expired, the future developments connected with the data and the applications that use them are also discussed; in particular the ways in which this will benefit and bring added value to the work that has been carried out during the MMU project duration.

### **Databases and data**

The database creation, use and development at the FSÍ have coincided with the establishment and growth of the FSÍ as an organisation. Since 1993, Isleif and Grefill have been the main repositories of data that have been collected by the FSÍ. Since that time, there have been a number of major development steps that have coincided with the growth in the collection of data and the numerous and sophisticated ways by which archaeological data is collected. For example, the use of technical equipment to calculate locational data, such as hand-held GPS, Differential GPS-, and Total Stations (all used by the FSÍ in their work).

A brief history of the fieldwork methods and approaches are needed in order to understand the main FSÍ database Isleif. FSÍ started developing a database for a national register of archaeological remains in 1993. In 1993 the FSÍ started a revision of earlier methods of survey, aiming at making a highly standardised set of field methods, organised in a way that would fit the emerging digital database technology. Between 1993 –1999, the main emphasis has been on testing and improving the field methodology, and since 2000, the focus has been turned towards Isleif, the archaeological site database. Since 2000 the fieldwork methods have been stable, thus 99% of the data that has been collected and entered into the database in more or less in the same way.

The databases that are outlined have made a contribution to the MMU project. They also represent an archaeological data tree into which at least at one of the levels all archaeological data that is collected through the Institute's project work falls into; see the end of this section for a graphic representation of the FSÍ's data tree.

## Isleif

Isleif is by far the most complex and comprehensive of the databases created by the FSÍ. The database has been through several different types of software and through several generations of development, but has always been conceived as a relational database. The development history of Isleif is as follows:

1993	Word Perfect Isleif 1
1993 – 1999	Access Isleif 2, 3
1999 – 2000	Access Isleif 4, 5-1
2000 - 2002	Access Isleif 5-2, Isleif 5-21
2002 - 2003	Access Isleif 5-3, Isleif 5-31
2003 - 2004	Access Isleif 5-4
2004	Access Isleif 2004_1

### *Isleif - stable*

The Isleif database through its history as well as in the current non-developmental version of Isleif, into which data is entered into, is based on the structure developed in 1993 as a relational flat-file structure. The data is held in 2 tables that reference each other through a common identifier or unique identifier, the *númer jarðar* (farm number), which corresponds to the primary key (PK) and foreign key (FK) roles between the 2 tables. The 2 tables are called spjald-1 and spjald-2. Spjald-1 contains all information relating to the each farm; history, research, archaeological work, directions, descriptions, and locational information relating to *sýsla*, *hreppur*, *sókn*, *heiti jarðar*. Spjald-2 contains the detailed information relating to sites within the farms identified in Spjald-1.

The main areas of development have been at the front end of the database, in the forms and reporting functions (Isleif 2, 3), and the user interface (Isleif 4, 5).

#### *Isleif – development*

In 2002 Isleif 5-2 was frozen to allow development work on the database design and structure, in order to allow easier access for standard queries and reporting systems, as well as to allow web application readiness to the data and upsizing of the database. The enhancement produced a normalized database, that links distinct areas through *several* common identifiers or unique identifiers, using both primary keys (PK) and foreign keys (FK). The areas are based on the natural data split between farms and sites using one-to-many relationships and intersection tables holding many-to-many relationships as linking tables or attribute tables.

The database design was primarily produced to reflect the needs of the users, as well to develop a database with data within it that could be made accessible across the intranet, in-house, as well as the internet, publicly accessible on-line. A clearly defined sequence of identifying the key areas for the database design was:

- Data collection and creation
- Data elements
- Data entry
- Analytical tasks
- Products derived from the database
- Data management and long-term curation

From this a migration strategy was developed:

1. Identify natural areas within the data
2. Assessment of data standards
3. Data migration and transfer

4. Testing
5. Interface and query development

1. The major design areas took into account the processes of use and applications of the data itself, in particular identifying 5 natural defined areas within the data. The most important identifying tables within the structure are still based on the natural split in the data between sites (MAIN SITE) and farms (MAIN FARM); this forms the symbiotic relationship of all 5 areas. It also creates a natural hierarchy in the data that follows the relationship that farms *contain* sites, and sites are *within* farms. The remaining 3 areas represent the actions or events associated with the data history or chain of custody of the data: the collection method (MAIN PROJECT); the sources used in the data collection process (MAIN SOURCE) and the archive produced from the work (MAIN ARCHIVE).

<i>Area</i>	<i>Table name</i>	<i>PK</i>
Farm	MAIN FARM	FARMID
Site	MAIN SITE	SITEID
Source	MAIN SOURCE	SOUCEID
Archive	MAIN ARCHIVE	ARCHIVEID
Project	MAIN PROJECT	PROJECTID

*Isleif data areas, the corresponding tables name and the primary key field.*

2. This process involved a considerable amount of data cleaning of the attribute data from which a new set of data standards and rules within the database were created; throughout the history of data collection some standards had lapsed, producing inconsistencies within the data, which restricted search and retrieve efficiencies. In order to avoid future inconsistencies domain tables were produced to house the standardised terms and expressions. A total of 19 domain tables were produced (see data dictionary in the appendices). This involved some areas of enhancement and re-thinking connected with the process of data collection and data

entry that would reflect corresponding changes in the practice of data collection; for example, the process of uploading GPS data into the database.

3. Once the data was cleaned and standards had been applied, the migration of the data from the frozen Isleif 5-2 into Isleif 6 took place. As a result of this process there were some modifications and adjustments to the structure design concept, resulting in the final Isleif version 6-3. In total there are:

- 5 linking intersection tables
- 23 attribute tables
- 21 domain tables

4. Query testing and the common analytical routes were tested in order to clarify the structural arrangement, in particular the many-to-many relationship tables

5. The development of the interface and query development is currently in progress. However, it is envisaged that the adoption of this new structure will not be endorsed until the subset database ARENA SMR is accessible on-line. As a result the concurrent development work connected with the ARENA project may influence the full integration of Isleif 6-3 as the working and useable database. A management decision needs to be taken regarding the eventual adoption of Isleif 6-3 and how best to present this data on-line; the ARENA SMR database may be a solution, derived from queries hard-wired into Isleif 6-3.

### **ARENA SMR**

The ARENA project has run simultaneously with the MMU project for part of its duration, from 2002 till the September 2004. The collaboration between partners in other European countries has enabled the FSÍ to gain from the exchanges in experiences connected with digital data, specifically that connected with preservation and access, as well as specialised skills in archive material and large record data such as Isleif.

One of the ARENA aims is to present on-line access to archaeological record data such as the record data held in Isleif. This is being achieved through a number of initiatives, which are mentioned in more detail later but relate mainly to the mapping of high level terms and data structures onto the Dublin Core Metadata Initiative (DCMI), to enable cross-linking and interoperability between databases.

To allow a seamless expansion and extraction of the data using Dublin core for the interoperable network concept, the Isleif 5-2 data was taken from the Isleif 6-3 and transferred to a research database design based *entirely* on the 15 Dublin core elements, as well as the interpretative schema implemented specifically for the FSÍ data. This allows easier maintenance of the data with respect to the z39.50 (zava/zifx) interoperable connection and in the query building for the ARENA portal. It also allows easier development of the web application, the SQL queries and the data extraction process.

The design structure is based on a different concept than the Isleif 6-3, where *all* records regardless of whether a farm or a site populate a dc\_identifier1 attribute table, that carries the ID, the primary key, to recipient tables that use the ID field as their foreign key. All the data in dc\_identifier1 are unique records. The design mirrors the Dublin core representation of data structures through its 15 elements. In the same way as Isleif 6-3, the database contains attribute tables and domain tables, representing an idealised normalised data structure. In terms of the database and its applications, the key elements in the design are dc\_identifier1, the unique record set, and the dc\_relation, that connects individual data elements to the dc\_identifier1.ID. There are:

- 14 attribute tables
- 12 domain tables

The steps involved in transferring the data between Isleif 6-3 and ARENA\_SMR were considerably easier than the transfer between the Isleif versions, mainly as a result of the data cleaning and the normalization process that occurred for the 6-3. The data



once housed in the Microsoft Access 2000 database was migrated to a MySQL database, where it was uploaded to a remote server that hosts the data and the z39.50 zava.

<i>Data transfer from</i>	<i>to</i>
Isleif 6-3	MS Access ARENA_SMR
MS Access ARENA_SMR	MySQL ARENA_SMR

*ARENA\_SMR data migration processes*

